



Hóplíftrygging

Skilmáli nr. LI50

Tryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf., kt. 570990-1449, hér eftir nefnt „Lífis“. Lífis er í eigu VÍS trygginga hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“. Lífis hefur veitt VÍS umboð til að annast alla þjónustu við viðskiptavini Lífis vegna líftrygginga samkvæmt skilmála þessum.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. LI50.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Líftrygging þessi er hóplíftrygging byggð á samningi tryggingartaka við VÍS fyrir hönd Lífis.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er sá starfsmaður sem samkvæmt samningi tryggingartaka við VÍS getur orðið aðili að hóplíftryggingunni.

2. Hver fær fjárhæð tryggingar greidda?

- 2.1 Við andlát tryggðs er fjárhæð tryggingar greidd til réttihafa.
- 2.2 Í hóplíftryggingu er réttihafi ekki tilnefndur. Það þýðir að tryggingarfjárhæð er greidd til maka tryggðs. Ef maki er ekki til staðar er tryggingarfjárhæð greidd erfingjum samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

4. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 4.1 Tryggingin tekur gildi vegna hvers tryggðs þegar VÍS hefur samþykkt umsókn þess sem sækir um aðild að tryggingunni, nema annað sé lögboðið eða komi fram í samningi tryggingartaka við VÍS eða samið sé um að hún taki gildi síðar.
- 4.2 Ef tryggður á ekki lengur aðild að hópnum sem tryggingin tekur til, fellur tryggingin niður 14 dögum eftir að VÍS eða tryggingartaki sendir tryggðum skriflega tilkynningu um niðurfellinguna eða tveimur mánuðum eftir að viðkomandi hætti í viðkomandi hóp, ef skrifleg tilkynning hefur ekki verið send.¹
- 4.3 Ef tryggingunni er sagt upp, hún ekki endurnýjuð eða fellur úr gildi vegna vanskila tryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart tryggðum einum mánuði eftir að VÍS eða tryggingartaki sendi tilkynningu til tryggðs um brottfall hennar.
- 4.4 Tryggingin fellur úr gildi þegar tryggður nær 67 ára aldri.

5. Réttur til að viðhalda líftryggingu

- 5.1 Falli samningur um hóplíftrygginguna úr gildi eða tryggður hættir í hóp sem tryggingin tekur til, af annarri ástæðu en vegna aldurs, hefur hann rétt til þess að halda líftryggingunni áfram með einstaklingsbundnum verðútreikningi, án nýrra heilsufarsupplýsinga.²
- 5.2 Tryggðum skal með sannanlegum hætti tilkynnt um rétt sinn skv. grein 5.1.
- 5.3 Vilji tryggður nýta sér þennan rétt skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að hann hætti í hópnum.

¹ Sbr. 131. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

² Sbr. 132. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



6. Hvað bætir tryggingin?

- 6.1 VÍS greiðir bætur vegna andláts tryggðs.
- 6.2 Svípti tryggður sig lífi innan eins árs frá því að tryggingin tók gildi eru ekki greiddar bætur nema ef telja má sannað að tryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.

7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Frá 54 ára aldri hins tryggða lækkar fjárhæð tryggingar einu sinni á ári í samræmi við gildandi gjaldskrá VÍS, þ.e. kl. 0.00 á fyrsta degi hvers tryggingartímabils.
- 7.3 Tryggingarfjárhæðin hækkar við endurnýjun í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Lækki vísitala neysluverðs hefur það ekki áhrif til lækkunar á tryggingarfjárhæð.

8. Skyldur tryggingartaka

- 8.1 Tryggingartaki skal halda skrá yfir það starfsfólk sem fellur undir trygginguna. Ársfjórðungslega skal tryggingartaki senda VÍS uppfærðan lista yfir nöfn og kennitölur þess starfsfólks sem fellur undir trygginguna.
- 8.2 Tryggingartaki skal sjá til þess án ástæðulauss dráttar að tryggt starfsfólk fái afrit af skírteini og skilmálum þessum.
- 8.3 Tryggingartaki skal senda tryggðu starfsfólki sem fellur undir trygginguna skriflega tilkynningu um brottfall tryggingar um leið og viðkomandi fellur ekki lengur undir tryggingarverndina.

9. Verð

- 9.1 Verð tryggingarinnar ákvarðast af tryggingarfjárhæð og aldri þeirra sem tryggðir eru.
- 9.2 Verð tryggingarinnar breytist við endurnýjun í hlutfalli við breytingu á fjárhæð tryggingar samkvæmt vísitölu neysluverðs.

10. Áframhaldandi trygging eftir vanskil

- 10.1 Falli tryggingin niður vegna vanskila eftir að greitt hefur verið fyrir eitt ár hið minnsta má endurvekja trygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vanskil eru greidd innan þriggja mánaða frá því að tryggingin féll niður.

11. Endurkaup

- 11.1 Trygging þessi hefur ekki endurkaupsverð.

12. Veðsetning

- 12.1 Óheimilt er að veðsetja rétt samkvæmt hóplíftryggingu þessari.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.